

Nd.

**966. Nefndarálit**

[269. mál]

um frv. til l. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur leitað umsagna fjölda aðila um frumvarpið og fjölmargar breytingartillögur hafa komið fram. Nefndin telur ekki unnt að afgreiða frumvarpið á þessu þing, en hefur orðið sammála um að bera fram frumvarp til laga um framkvæmdasjóð aldraða, sem fyrir liggur á sérstöku þingskjali, þar sem nefndin telur mikilvægt að fjár verði aflað til húsnæðis- og sjúkrastofnana fyrir aldrað fólk.

Nefndin leggur jafnframt til að skipuð verði nefnd til að endurskoða stjórnarfrumvarp um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða, fram komnar breytingartillögur við það og frumvarp Péturs Sigurðssonar o. fl., 201. mál þingsins, fyrir næsta löggjafarþing.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að taka afstöðu til brtt., er fram kunna að koma, eða flytja till. sjálfir.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Pálmi Jónsson og Magnús H. Magnússon.

Alþingi, 19. maí 1981.

Guðrún Helgadóttir,  
form., frsm.

Jóhann Einarðsson,  
fundaskr.

Matthías Bjarnason.

Sigurlaug Bjarnadóttir.

Guðm. G. Þórarinnsson.